

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola G-13182, Rover 3500, árg. 1979.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu sem er ólöglærð og brýnir m.a. fyrir henni að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 224/1986. **Grétar Haraldsson**

(sjálfur)

gegn

**Oliuverslun Íslands h/f**

(Jón Ólafsson hrl.)

Víxlar. Áskorunarmál. Útivist í héraði. 45. gr. hæstaréttarlaga. Fjárnám.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. ágúst 1986. Hann krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, bæði sín vegna og f.h. Sundavals s/f, og að felld verði úr gildi fjárnámssgerð 4. júlí 1986. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að hin kærða áritun á áskorunarstefnu verði staðfest, svo og hin áfrýjaða fjárnámssgerð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi höfðaði í héraði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með

áskorunarstefnu 26. mars 1986 á hendur áfrýjanda og Lúðvík Halldórssyni „sameiginlega og persónulega vegna sameignarfyrirtækis þeirra, Verslunarinnar Sundaval sf.“ og gegn verslun Sigurðar Pálmasonar h/f Hvammstanga, og gerði þær kröfur að stefndu yrðu dæmdir in solidum til þess að greiða honum víxilskuld að fjárhæð 146.564,00 krónur ásamt dráttarvöxtum, 4% frá 31. mars 1985 til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986 og 2,75% frá þeim degi til greiðsludags, og enn fremur 388,00 krónur í stimpilkostnað og einnig málskostnað.

Stefna þessi var birt stefndu, þar á meðal áfrýjanda. Enginn stefndu sótti þing við þingfestingu málsins 15. maí 1986 og var málið þá tekið til áritunar. Hinn 19. júní var málið endurupptekið að ósk stefnanda og lýsti lögmaður hans þá yfir því að fallið væri frá kröfum á hendur Verslun Sigurðar Pálmasonar h/f að svo stöddu. Málið var svo tekið á ný til áritunar, og næsta dag, 20. júní, áritaði Hervör Þorvaldsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans, stefnuna á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa á hendur stefndu Grétari Haraldssyni og Lúðvík Halldórssyni og Versluninni Sundaval s/f og 21.100,00 krónur í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar.“

Áfrýjandi hefur borið það fyrir sig fyrir Hæstarétti, að víxill sá sem um er að ræða sé ekki samþykktur af Lúðvík Halldórssyni fyrir hönd Sundavals s/f, þar sem samþykkisáritunin er svohljóðandi: „F.h. Sundaval (stimpill) Lúðvík Halldórsson.“ Þá telur hann víxlinum í ýmsum atriðum ekki rétt lýst í héraðsstefnu.

Eigi er dregið í efa að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt í héraði og að honum hafi verið kunnugt um málsóknina. Átti hann þannig kost á að bera fram kröfur og málsástæður í héraði, og verður ekki fallist á það að hann megi koma þeim að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt því ber að staðfesta hið áfrýjaða dómsígildi og fjárnámsgerð.

Með stefnu 1. október 1985 höfðaði stefndi (stefnandi í héraði) mál á hendur áfrýjanda og fleirum til greiðslu á tveimur víxilskuldum, og var önnur þeirra skuld sú sem um er að ræða í máli þessu, 146.564,00 krónur. Stefndi lækkaði síðan kröfu sína um fjárhæð

þeirrar víxilskuldar, en dómur gekk um kröfuna að öðru leyti hinn 14. nóvember 1985 og voru varnaraðilar dæmdir til greiðslu á 122.250,00 krónum auk vaxta og málskostnaðar. Stefndi höfðaði síðan nýtt mál með áskorunarstefnu 26. mars 1986 eins og áður hefur verið lýst. Dóminum frá 14. nóvember 1985 var einnig áfrýjað, og með dómi Hæstaréttar í dag hefur hann verið staðfestur og áfrýjandi dæmdur til málskostnaðargreiðslu. Eigi verður annað séð en að stefnda hafi verið í lófa lagið að halda áfram málsókn út af báðum víxilskuldunum í einu lagi eins og málið var upphaflega lagt fyrir dómstóla. Þykir því rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun á áskorunarstefnu er staðfest að því er áfrýjanda, Grétar Haraldsson, varðar, svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### **Fjárnámsgerð fógetaréttar Garðakaupstaðar 4. júlí 1986.**

Ár 1986, föstudaginn 4. 7. er fógetaréttur Garðakaustaðar settur að Hegranesi 34, og haldinn með undirrituðum vottum af Gunnari Aðalsteinsyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið 1251/86: Ólíuverslun Íslands h.f. gegn Grétari Haraldssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 áskorunarstefnu áritaða um aðfararhæfi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristinn Hallgrímsson lögfr. v/ Jóns Ólafssonar hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 146.564,00 með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 31.3. '85 til 1.6. '85, en með 3,5% frá þ.d. til 1.9. '85, en með 3,75% frá þ.d. til 1.3. '86, en með 2,75% frá þ.d. til greiðsludags, kr. 1.210,00 fyrir gerðarbeiðni, kr. 388,00 í stimpilkostn., kr. 21.100,00 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Þórður Sveinsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti

fjárnámi í eign gerðarþola bifr. G-21372, Peugeot árg. 1985. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólög-lærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Kristinn Hallgrímsson.

Fimmtudaginn 18. júní 1987.

Nr. 26/1987. **Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður**  
**vegna þrotabús Byggingafélagsins**  
**Reynis h/f**

gegn

**menntamálaráðherra og**  
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávisunarúrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. greinar laga nr. 75/1973, sbr. 112. gr. laga nr. 6/1978, með kæru 16. janúar 1987 er barst Hæstarétti 26. s.m. Krefst sóknaraðili þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda „að halda meðferð málsins áfram í héraði og leggja efnisdóm á málið“. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Framangreindar kröfur ítrekaði sóknaraðili í greinargerð sinni til Hæstaréttar 18. febrúar sl. Segir síðan í greinargerð þessari: